

Nd.

740. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Í síðari málsgr. falli niður orðin „eða framfærslunefndar“.
2. Við 7. gr. Í þriðju málsgr. komi, á eftir orðunum „fyrirmælum 8. gr.“: ef næg rök liggja til undanfærslu framfærsluþurfa, en sé ella laus undan framfærsluskyldu; eigi má ákvarðað meðlag herra vera o. s. frv.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna í fyrri málsgr., „ef sveitarstjórnin í heimilis-sveit“ o. s. frv., komi: ef hann eftir úrskurði yfirvalds er fær um að greiða meðlagið, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.
4. Við 9. gr.
 - a. Í stað „framfærsluþurfi“ í fyrri málslið komi: Framfærslumaður.
 - b. Síðari másl. falli burt.
5. Við 12. gr. Við fyrri málsgr. bætist nýr másl., svo hljóðandi: Þar er lögheimili manns, er hann hefir fast aðsetur og greiðir almenn gjöld.
6. Við 13. gr. Á eftir orðunum „sem framfærslustyrks hafa notið“ í 2. másl. komi: þótt eigi sé endurgreiddur.
7. Við 20. gr. Í stað orðanna „er framfærsluþurfi til þess kýs“ komi: þar er hann síðast átti lögheimili í landinu.
8. Við 22. gr. Í 2. másl. falli niður orðin: „framfærslunefndar eða“.
9. Við IV. kafla.

Frv.greinarnar 27.—36., að báðum meðtöldum, falli niður, en í stað þeirra komi 3 greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. samkv. því):

 - a. (27. gr.). Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.
 - b. (28. gr.). Framfærslumálum heima í héraði stjórna hreppsnefndir og bæjarstjórnir, hver í sinu umdæmi, og fela þær störf hér að lútandi sérstökum nefndum eða einstökum mönnum, eftir því sem nauðsyn krefur.
 - c. (29. gr.). Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefir fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til atvinnumálaráðherra, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.
10. Við 39. gr., sem verður 32. gr. Í stað „framfærslunefnd“ í fyrri másl. komi: bæjarstjórn.
11. Við 41. gr., sem verður 34. gr.
 - a. Í stað „framfærslunefnd“ í fyrstu málsgr. komi: bæjarstjórn.
 - b. Í stað „leyfi“ í 3. málsgr. komi: samþykki.
12. Við 42. gr., sem verður 35. gr. Í stað „þegar“ í síðara másl. komi: þegar í stað.
13. Við 47. gr., sem verður 40. gr. Í stað „þeginn framfærslustyrk“ í fyrri málsgr. komi: áfallinni framfærsluskuld.
14. Við 48. gr., sem verður 41. gr. Á eftir orðunum „til tryggingar“ í endi 1. málsgr. komi: er gengur fyrir öllum öðrum kröfum.

15. Við 50. gr., sem verður 43. gr. Á eftir orðunum „með venjulegu kaupgjaldi“ í 1. málsg. komi: á þeim stað.
16. Við 52. gr., sem verður 45. gr. Á eftir orðunum „sé fullnægt“ í endi greinarinnar komi: að viðlögðu fangelsi samkv. 46. gr.
17. Við 58. gr., sem verður 51. gr. Fyrri málsg. orðist svo:
Skýlt er barnsföður að endurgreiða meðlag heimilissveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.
18. Við 59. gr., sem verður 52. gr. Greinin orðist svo:
Þegar dvalarsveit hefir greitt barnsmeðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal senda kröfu um endurgreiðslu til heimilissveitar barnsföður, annaðhvort beint eða um hendur atvinnuáráðherra, er þá innheimtir kröfuna með aðstoð lögreglustjóra, ef þörf krefur. Skal kröfunni fylgja kvittun barnsmóður, svo og staðfest eftirrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins.
19. Við 64. gr., sem verður 57. gr. Fyrir „framfærslunefnd“ í upphafi gr. komi: bæjarstjórn.
20. Við 68. gr., sem verður 61. gr.
a. Í fyrri málsg. falli niður: „(framfærslustjóra)“.
b. Í síðari málsg. komi fyrir „menn“: karlar.
21. Við 69. gr., sem verður 62. gr. Fyrir orðin „lok marzmánaðar“ í upphafi greinarinnar komi: 15. júnimánaðar.
22. Við 70. gr., sem verður 63. gr. Fyrir orðin í 2. másl. „er hafa yfir 500 íbúa og sem“ komi: sem hafa yfir 500 íbúa og.
23. Við 74. gr., sem verður 67. gr. Fyrir „1. júní“ komi: 1. júlí.
24. Við 77. gr., sem verður 70. gr. Við gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Um allar áfallnar og ógreiddar skuldir og kröfur út af viðskiptum sveitarstjórna áður en lög þessi öðlast gildi, ef þær leysast eigi með samningi milli aðilja, skal senda atvinnuáráðherra greinilega skýrslu, og sker hann til fullnustu úr öllum ágreiningi um þær. Ákveður hann, að fengnum nægilegum upplýsingum, hversu mikið af kröfum þessum skuli telja hlutað-eigandi sveitarfélögum fært að inna af hendi; af því, sem afgangs verður, greiðist helmingur úr rikissjóði, en hinn helmingurinn fellur niður.
25. Við 78. gr., sem verður 71. gr. Við gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Um alla þá, sem eru á sveitarframfæri við gildistöku laganna, koma ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað.
26. Á eftir 71. gr. komi svo hljóðandi

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA:

Þangað til sett verða lög um byggðarleyfi, getur bæjarstjórn, eða sýslunefnd eftir áskorun frá hreppsnefndum í meiri hluta hreppa sýslufélagsins, gert tillögur um takmörkun fyrir innflutningi fólks í umdæmið til varanlegrar dvalar eða aðseturs þar, og skal senda þær tillögur til atvinnuáráðherra, er síðan setur reglur um byggðarleyfi í viðkomandi bæ eða héraði, ef hann að öllum ástæðum athuguðum telur þess þörf.